

FASTA FYRIR SKURÐAÐGERÐ OG ÖNNUR INNGRIP LEIÐBEININGAR FYRIR SJÚKLINGA

Nauðsynlegt er að fasta fyrir svæfingu, deyfingu eða slævingu til að minnka hættu á fylgikvillum. Löng fasta er ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt.

- 1** Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir inngrip.
- 2** Ekki má borða mat síðustu 6 klukkustundirnar fyrir komu á spítalann.
- 3** Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te. Gosdrykkir teljast tærir, en ekki er mælt með drykkju þeirra því koltvísýringur eykur loftmyndun í maga.

Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að inngripi.

